

**Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi (FSH) haldinn í húsnæði KPMG, Borgartúni 27, þriðjudaginn 07.03.2011, kl 17.15**

**Mættir:** Arnar Jónsson, Andri Árnason, Birgir Benediktsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Skúli Már Sigurðsson, Björn Magnússon.

1. Rætt um skurð fyrir neðan Hvammskóga 17. Vandamál skapaðist þegar sameiginlegur vegur við syðri hluta lóðarinnar stíflaði vatn sem rann niður fjallið í vorleysingum. Afleiðing þessa var að vatnið rann yfir veginn og síðan niður veg á milli lóða fyrir neðan. Því átti að grafa rás fyrir ofan veginn og veita vatni í ræsi og síðan í læk niður í Skorradalsvatn. Eigandi ósáttur við framkvæmdir. Formanni falið að leita sátta. Reyna að koma lóðarmörkum í svipað horf og áður.
2. Vatnsmál. Nýbúið að ræða við landeiganda. Ekki enn verið hægt að loka vatnsból þannig að öruggt sé til drykkjar. Rætt hvort núverandi sumarhúsaeigendur eigendur eigi að semja sér við vatnsveitu Vatnsenda. Ákveðið að bíða með það og sjá hvernig núverandi vatnsból kemur út eftir lagfæringar. Þarf að þrifa vatnstanka og fjölga tönkum.
3. Mælt fyrir ólögðum göngustígum. Kostnaður verður 300.000. við að leggja ólagða stíga. Samþykkt.
4. Gjaldkeri gefur skýrslu. Gengið hefur nokkð á sjóði vegna framkvæmda við hlið og stíga.
5. Bréf frá félagsmanni. Óskað eftir að göngustígur verið lagður á milli 30-32. Formanni falið að ræða við eigendur.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl 19.00



Bárður Sigurgeirsson